

## STF-2017-18 Strandminjasafn á Hnausum

Markmið verkefnisins er að koma á fót sérstöku strandminjasafni á Hnausum í Meðallandi. Hlutverk safnsins verður söfnun, varðveisla og sýning muna og minja, þar með taldar sagnir og önnur þekking, varðandi skipströnd í Vestur-Skaftafellssýslu. Tilgangur verkefnisins er að varðveita hina merku sögu skipstranda og miðla henni til núlifandi fólks og framtíðarinnar Sérstök áhersla verður á skipströnd í Meðallandsfjörum, en skipskaðar voru sérlega tíðir þar. Jörðin Hnausar er sögulega og landfræðilega nátengd strandsögunni og er hún því vel fallin til þessa hlutverks.

Verkefninu var úthlutað kr. 1.500.000.- í seinni úthlutun ársins 2017.